

Etadeild Delta Kappa Gamma var stofnuð í Reykjavík 6. júní 1997. Deildarkonur eru 30, allar af höfuðborgarsvæðinu og starfa á ýmsum sviðum fræðslumála. Í deildinni eru tungumálakennarar, sérkennarar, námsráðgjafar, skólastjórnendur í grunn- og framhaldsskóla, kennari í upplýsingatækni, sjúkrahjálfari, háskólakennarar og fræðikonur á sviði menntamála.

Markmið Etadeildar:

Að hafa forystu í faglegri umræðu

Að efla innbyrðist tengsl okkar

Að velja verkefni utan deildar til að vinna að

Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan

Stjórn Etadeildar 2008-2010 er þannig skipuð:

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, formaður

Bryndís Sigurjónsdóttir, varaformaður

Inga Margrét Róbertsdótti, ritari

Kirsten Friðriksdóttir, gjaldkeri

Kristín Steinarsdóttir, vefstjóri

Þemu Etadeildar:

Nærsamfélagið, aðstoð við heimanám erlendra nemenda.

Innra starfið: virk þátttaka félaga í stjórnun og starfi deildarinnar.

Fundir á starfsárinu 2009 – 2010

21. september: Verslunarskóli Íslands – *Að styrkja innbyrðis tengsl okkar.* Skipt var í hópa og hópar lögðu drög að skipulagi funda vetrarins.

29. október: Fjölbautarskólinn í Breiðholti – *Að velja verkefni utan deildar til að vinna að.* Ágústa Gunnarsdóttir kynnti *Innflytjendabraut við F B.*

16. desember: *jólafundur* haldinn á heimili Stefaníu Valdísar Stefánsdóttur.

17. febrúar: Grand Hótel – *Að hafa forystu í faglegri umræðu.* Sigurrós Erlingsdóttir og Ósa Knútsdóttir kynntu *starfendarannsóknir* við Menntaskólann við Sund.

9. mars: Norðlingaskóli – *Að auka samskipti við konur í öðrum deildum.* Þuríður J. Jóhannsdóttir sagði frá doktorsrannsókn sinni og bar erindið yfirskriftina *Frávik frá því venjulega. Mótsetningar sem uppspretta breytinga í kennaramenntun.* Gestir fundarins voru úr Gammadeild, þar á meðal forseti landssambandsins, Ingibjörg Jónasdóttir.

19. apríl: aðalfundur

Hrós Eta-deildar: Á starfstímanum hafa fimm konur hafa hlotið hrós fyrir standa framarlega á sviði menntamála og að vinna markverð störf í þágu þeirra, þar af ein fyrir fleiri en eitt verkefni.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðu Etadeildar: <http://dkg.muna.is/eta/>